

Nd.

121. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. *Við 2. gr.:*

- a) Í a-lið falli burt orðin: »hlutafje eða«
- b) Á eftir d-lið komi:

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búíð kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem i hlut á.

2. *Við 3. gr.:*

- a) Orðið »hlutafje« falli burt.
- b) Orðin »nema því að eins« og út greinina falli burt.

3. *Við 6. gr.:*

Upphaf 2. málsg. orðist svo:

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir sjeu stjórnendur o. s. frv.

4. *Við 8. gr.:*

Fyrri málsgrein greinarinnar:

»Um stjórnarkosning eigi fullnægjandi« falli burt.

5. *10. gr. falli burt og greinatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.*

6. *Við 12. gr.:*

Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala, eftir tillögum umsjónarmanns.

7. *Við 13. gr.:*

a) 2. málsg. greinarinnar:

»Eigi má . . . greiddu hlutafje« falli burt.

b) 3. málsg. greinarinnar orðist svo:

Sjáltskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og eigi má endurnýja þau oftár en svo, að innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

8. *Við 14. gr.:*

Byrjun greinarinnar orðist svo:

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán o. s. frv.

9. *Við 16. gr.:*

a) Orðin: »til innlausnar á hlutafje eða« falli burt.

b) Orðin: »og umsjónarmanns sparisjóðanna« í síðustu málsg. greinarinnar falli burt.

10. *Við 21. gr.:*

a) Orðin: »alt að tveim þriðjungum af« falli burt.

b) Orðin: »Afgangurinn rennur í landssjóð« falli burt.

11. *Við 22. gr.:*

Aftan við greinina bætist:

Og ferðakostnaður eftir reikningi.

12. *Við 23. gr.:*

a) »á landinu« á tveim stöðum í greininni breytist í:
í landinu.

b) 3. málsg. greinarinnar: »Heimilt er . . . ákvörðun stjórnarráðsins«, falli burt.

13. *24. gr. falli burt og greinatalan á eftir breytist eftir því.*

14. *29. gr. orðist svo:*

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstöðkum lögum.